	Hafnarfjarðarbær
Innk:	10/9 2014
Málsnr:	1409368
Bréfát:	105

Bæjarráð Hafnarfjarðar,  
Strandgötu 4-6,  
220 Hafnarfjörður.

25. ágúst, 2014

### Umsókn um fjárstyrk vegna sögu Hafnarfjarðarkirkju og Garðaprestakalls á Álftanesi.

Ágæta bæjarráð.

Sóknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju óskar hér með eftir að Hafnarfjarðarbær veiti kr. 3.000.000.- í styrk vegna skráningar og undirbúnings útgáfu á sögu Hafnarfjarðarkirkju og Garðaprestakalls á Álftanesi. Ritið sem bera mun nafnið, Helgistaðir við Hafnarfjörð – Saga Hafnarfjarðarkirkju og Garðaprestakalls á Álftanesi - , verður gefið út í lok nóvember, en í desember á þessu ári fagnar Hafnarfjarðarkirkja 100 ára afmæli sínu. Ritið verður afar vandað að allir gerð, gefið út í tveimur bindum í stóru broti með miklum fjölda mynda. Höfundur þess er Gunnlaugur Haraldsson, þjóðháttá- og fornleifafræðingur.

Fyrri bindið nær til sögu *Garðaprestakalls hins forna* fram til 1914, er Hafnarfjarðarkirkja tók til starfa og Garðakirkja var aflögð. Hugað er að mörkum prestakallsins og sókna þess, svo og þróun byggðar fram um aldamótin 1900. Rakin er saga höfuðbólans Garða á Álftanesi, Garðakirkju og þeirra presta, sem sátu staðinn allt frá 13. öld. Lýst er jarðargæðum, staðarhúsum, búskaparháttum og umsvifum staðarhaldara til 1928, er prestssetur var aflagt í Görðum. Jafnframt er lýst kirkjuhúsum, gripum og öðrum eignum Garðakirkju skv. ritheimildum allt til ársins 1914, er kirkjan var aflögð. Sömmuleiðis er gefið yfirlit um sögu Bessastaðakirkju framan af öldum og að síðustu dregin saman vitneskja um önnur guðshús í Garðasókn, svo og forna helgi- og tilbeiðslustaði frá kaþólskum tíma.

Í síðara bindi er rakin saga *Hafnarfjarðarkirkju í 100 ár*. Sagt er frá aðdraganda þess, að byggð var kirkja í kaupstaðnum, undirbúningi framkvæmda og klofningi safnaðarins, staðarvali, hönnun, byggingu og vigslu kirkjunnar. Gefin er lýsing á kirkjunni, kirkjugripum og innri búnaði, sagt frá breytingum og endurbótum ásamt byggingu safnaðarheimilisins Strandbergs. Meginefnið hverfist þó um sjálft safnaðarstarfið, helgihald og annað kirkjulegt starf. Fjallað er um þjónustu presta og annars starfsfólks, starf sóknarnefndar, kvenfélags kirkjunnar, söngkóra og annarra, sem átt hafa hlutdeild í fjölbættu safnaðarstarfi um aldarskeið. Birtar eru svipmyndir og minningabrot úr safnaðarlífi, frá kirkjuhátíðum og öðrum helgistundum. Sérstakan sess skipar Krýsuvíkirkirkja, sem hefur lengi verið órjúfanlegur hluti af kirkjulegu starfi Hafnarfjarðarprestakalls. Að síðustu er rakin saga Kirkjugarðsins á Öldum og greint frá öðrum kirkjum þjóðkirkjusafnaðarins í hinu forna Garðaprestakalli.


Saga Hafnarfjarðarkirkju og Garðaprestakalls á Álftanesi hefur án nokkurs efa mikið menningarlegt og sagnfræðilegt gildi. Kostnaður við útgáfu ritsins er hins vegar verulegur, en unnið hefur verið að upplýsingaöflun og skráningu um nokkurra ára skeið. Heildarkostnaður við útgáfu ritsins verður líðlega 30 milljónir króna.

Á þeim tímamótum er Hafnarfjarðarkirkja fagnar 100 ára afmæli sínu getum við líka glaðst yfir að verulegar endurbætur hafa átt sér stað á kirkjunni, auk þess sem keypt hafa verið 2 ný orgel og nú er verið að mála kirkjuna að utan og safnaðarheimilið að hluta til, innandyra. Þá er unnið að því bæta

hljóð- og myndgæði, en æ oftar er óskað eftir að stærri athafnir fari fram í þessu myndarlega guðshúsi þar sem aðstaða öll er til mikillar fyrirmyndar.  
Það er því einlæg von okkar að Hafnarfjarðarbær sjái sér fært að samþykkja ofangreindan, umbeðinn, fjárstyrk.

Með vinsemd og virðingu.

f.h. sóknarnefndar Hafnarfjarðarkirkju



Magnús Gunnarsson, formaður sóknarnefndar.

s.665-8910

[magnus@haukar.is](mailto:magnus@haukar.is)